

Nd.

201. Frumvarp

til laga um sildarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Finnur Jónsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Enginn má reisa sildarverksmiðju hér á landi, né heldur stækka sildarverksmiðju, sem fyrir er, nema að fengnu leyfi atvinnumálaráðherra.

2. gr.

Ríkissjóður hefir að öðru jöfnu forkaupsrétt að sildarverksmiðjum þeim, sem nú eru í landinu eða síðar kunna að verða reistar.

3. gr.

Sildarverksmiðjur þær, sem ríkið nú á eða síðar kann að eignast, skulu reknar samkv. lögum þessum, sé eigi öðruvísi ákveðið.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þrjú menn í stjórn verksmiðjanna til þriggja ára í senn. Gengur einn úr stjórninni árlega, í fyrsta og annað skipti eftir hlutkesti, síðan eftir kjöraldri.

Nú hefir ríkissjóður eignast svo margar sildarverksmiðjur, að atvinnumálaráðherra telur þurfa að fjölga stjórnarmönnum, og getur hann þá bætt tveim mönnum í stjórn verksmiðjanna til þriggja ára.

Stjórn verksmiðjanna hefir aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarmenn dvelja þar yfir sildveiðitímann, nema þeir séu fjarverandi í erindum verksmiðjanna. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Stjórn verksmiðjanna kýs sér formann úr sínum flokki, ræður framkvæmdarstjóra og ákveður starfssvið hans og laun. Hún hefir á hendi sölu afurða verksmiðjanna, með ráði framkvæmdarstjóra.

5. gr.

Nú er rikissjóður eigandi sildarbræðslustöðvar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samvinnufélagi sildveiðimanna, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á sölu. Ennfremur er það skilyrði fyrir slíkri sölu, að þátttaka í samvinnufélaginu sé almenn, bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna.

6. gr.

Verksmiðjurnar kaupa ekki sild af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvinnuáráðherra, en taka við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning.

7. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjanna leita loforða islenzkra útgerðarmanna um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunum afla sinn til vinnslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skulu samningsbundnir viðskiptamenn ganga fyrir viðskiptum. Skal áætlun um viðskiptamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. maí ár hvert. Ákveður þá atvinnuáráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjanna, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiptamagni, hvort verksmiðjurnar verði reknar það ár.

Nú verður meira framboð á sild til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjurnar geti unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjanna ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá sild til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjurnar.

8. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar sildar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, eins og hann er á hverjum tíma.
2. Afborgunum af stofnkostnaði sildarstöðvanna, svo sem um er samið á hverjum tíma við lánveitendur eða rikissjóð.
3. 2% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vélum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð sildarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 6. gr., má greiða eigendum með allt að 70% við afhendingu sildar til vinnslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu hvers árs.

9. gr.

Sildarverksmiðjunum skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af sildarmjöli, sem

slik félög hafa pantað fyrir 15. ágúst ár hvert og sildarbræðslurnar geta látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi fyrir 10. nóv. það ár, sem þær eru gerðar. Félögin mega aðeins láta sildarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum frá 1000 til 10000 kr.

10. gr.

Reikningsár verksmiðjanna skal vera almanaksárið. Verksmiðjustjórnin skal gera reikningsskil fyrir starfsárið, svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en 15. febrúar ár hvert. Atvinnu- og samgöngumálaráðherra skipar tvo endurskoðendur til eins árs í senn. Skulu þeir hafa lokið endurskoðuninni fyrir 1. apríl hvert ár. Að þeim tíma loknum skal verksmiðjustjórnin tafarlaust senda atvinnumálaráðherra afrit af rekstrarreikningi og efnahagsreikningi verksmiðjanna, áritaða af endurskoðendum, og skýrslu um störf og rekstur verksmiðjanna á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

11. gr.

Verksmiðjurnar eru undanþegnar aukaútsvari og tekju- og eignarskatti.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjanna setur atvinnumálaráðuneytið með sérstakri reglugerð.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um stofnun sildarbræðslustöðva, nr. 49 7. maí 1928, og lög um rekstur verksmiðju til bræðslu sildar, nr. 42 14. júní 1929, og lög um breytingar á þeim lögum, nr. 10 27. apríl 1932. Jafnframt fellur niður umboð núverandi verksmiðjustjórnar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ríkissjóður á nú tvær verksmiðjur til bræðslu sildar og hin þriðja verður væntanlega fullgerð á sumri komanda. Þar eð verksmiðjurekstur þessi er orðinn mjög umfangsmikill, verður að telja nauðsyn á að setja hann í fastar skorður með lögum, er miðuð séu við aukninguna og þær breyttu ástæður, sem nú eru orðnar frá því fyrsta verksmiðjan var reist.

Afköst sildarverksmiðjanna í landinu aukast nú á þessu ári og hinu næsta um rúmlega 80 af hundraði. Geta verksmiðjurnar nú unnið úr svo mikilli sild, að full ástæða er til að athuga í hvert sinn og óskir koma fram um að stækka verksmiðjur þær, sem nú eru fyrir, eða reisa aðrar nýjar, hvort eigi þurfi þá jafnframt að fjölga veiðiskipum, því eins og nú er komið málum, fara saman hagsmunir ríkisins og mikils þorra útgerðarmanna um, að verksmiðjurnar hafi jafnan næga sild til vinnslu.

Virðist þvi rétt að láta aukningu sildarverksmiðjanna vera háða eftirliti ríkisstjórnarinnar. Þá virðist og rétt, að rikissjóður hafi að öðru jöfnu forkaupsrétt að þeim sildarverksmiðjum, sem nú eru til í landinu, eða síðar verða reistar, svo mikilla hagsmuna sem ríkið hefir að gæta um vinnslu sildarinnar. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að atvinnumálaráðherra sé heimilt að fjölga stjórnarmönnum um tvo, eignist ríkið sildarverksmiðjur á fleiri stöðum, svo nauðsynlegt þyki vegna eftirlits.

Þá hefir verið breytt eldri ákvæðum um framlag til fyrningarsjóðs og ýmsu fleiru, sem að áliti flutningsmannanna mátti betur fara.

Nánar í framsögu.